

Skattavaktin*

Fréttabréf skatta- og lögfræðisviðs

8. tölublað

***connectedthinking**

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

Efnisyfirlit

1. Nýjar reglugerðir.
2. Dómur Hæstaréttar nr. 401/2007
3. Frá fjármálaráðuneyti.

1. Nýjar reglugerðir.

Reglugerðir nr. 790/2007 og 791/2007 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (X)

Með reglugerðunum er kveðið á um að reglugerð framkvæmdastjórnar EB nr. 77/2005 skuli gilda á Íslandi.

Reglugerð EB nr. 77/2005 kveður á um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja. Reglugerðin fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum.

Reglugerðir 790/2007 og 791/2007 öðlast gildi þegar í stað (undirritaðar 20. ágúst 2007).

2. Dómur Hæstaréttar Íslands nr. 401/2007

Í 7. tbl. Skattavaktarinnar var fjallað um úrskurð Héraðsdóms Suðurlands (Y-2/2007) sem fjallaði um fyrningarfrest skattkrafna. Málsatvik vörðuðu skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var á

Á döfinni

Ríkisskattstjóri mun halda námskeið fyrir einstaklinga sem eru að hefja sjálfstæðan atvinnurekstur þann **22. september nk.**

Þar verður farið yfir hagnýt atriði sem varða skattskil einstaklinga með atvinnurekstur svo sem skráningarskyldu, reiknað endur gjald, rekstrarkostnað, skattframtalið, reglur um tekju-skráningu og reikningaútgáfu o.þ.h.

árinu 2001. Gjaldandi var ekki skráður á virðisaukaskattsskrá en skilaði virðisaukaskattskýrslu með skattframtali árið 2002. Á haustmánuðum 2004 úrskurðaði skattstjóri gjaldanda inn á virðisaukaskattsskrá frá 1. janúar 2001 og áætlaði virðisaukaskatt þar sem engar upplýsingar eða umbeðin gögn höfðu borist frá gjaldanda. Kom sá úrskurður í kjölfar bréfaskrifta frá skattstjóra sem lutu að skráningu gjaldanda á grunnskrá virðisaukaskatts. Þann 30. maí 2006 barst sýslumanni fjárnámsbeiðni vegna vangoldins virðisaukaskatts. Gjaldandi mótmælti kröfunni sem fyrndri og vísaði til 3. mgr. laga um fyrningar nr. 14/1905 þar sem kveðið er á um að fyrningarfrestur skattkrafna sé 4 ár frá gjalddaga þeirra.

Í úrskurðinum komst héraðsdómari að þeirri niðurstöðu að krafan væri ekki fyrnd og hafnaði þannig kröfu

gjaldanda (sjá nánar Skattavaktina 7. tbl.). Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms.

Í dómi Hæstiréttar kom fram að skattstjóri hefði á árinu 2004 tilkynnt gjaldanda, að undangengnum fyrirspurnum og tilkynningum til hans, að lagður hefði verið á hann virðisaukaskattur samkvæmt áætlun gjaldstofna vegna sex gjaldtímabila ársins 2001. Þá kom fram að samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. 5. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, féllu gjöld samkvæmt þessari álagningu í gjalddaga tíu dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hana. Á þeim gjalddaga hafi fyrningarfrestur kröfu varnaraðila hafist samkvæmt 3. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Sá frestur hafi ekki verið liðinn þegar fjárnámið, sem málið varðaði, var gert.

Með það var kröfu gjaldanda um að fjárnám yrði fellt úr gildi hafnað.

Fróðleiksmolar

- Samtals 14.499 manns skiluðu ekki skattframtali 2007 og hafa því sætt áætlun skattstjóra.
- Kærufrestur til skattstjóra rennur út 30. ágúst. Kæurur vegna allra álagðra opinberra gjalda á menn sem tilkynnt var um með álagningarseðli 2007 þurfa því að hafa borist skattstjóra eigi síðar en þann dag.
- Lögum samkvæmt skal skattstjóri hafa úrskurðað um kæurur á álagningu opinberra gjalda innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests. Úrskurðaframkvæmd yfirskattanefndar staðfestir hins vegar að engin úrræði eru til að tryggja að skattstjóri fari ekki fram yfir þennan lögbunda frest

4. Frá fjármálaráðuneyti

• Fréttatilkynning nr. 14/2007

Í fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins frá 10. ágúst 2007 er sagt frá greiningu ráðuneytisins á fjármagnstekjum þeirra sem ekki voru með aðrar tekjur en fjármagnstekjur á árinu 2006.

Greiningin fór fram í kjölfar fullyrðinga þess efnis að ríkið sitji eitt að skattgreiðslum á þriðja þúsund manns sem ekki væru með aðrar tekjur en fjármagnstekur og greiði því einungis fjármagnstekjur sem renni til ríkisins, en greiði ekkert til sveitarfélaga þó þeir nýti sér þjónustu þeirra.

Eftirfarandi kom í ljós:

1. Á árinu 2006 var fjöldi einhleypra sem ekki var með neinar aðrar tekjur en fjármagnstekjur alls 2.381. Þar af voru hins vegar 2.128, eða tæplega 90 %, með minna en 50 þúsund krónur í fjármagnstekjur á árinu. Að stórum hluta er hér um að ræða ungt fólk sem ekki er á vinnumarkaði. Samtals 2.270, eða 95 % alls hópsins, er með minna en eina milljóna króna í fjármagnstekjur. Af þeim 2.381 einstaklingum sem hér um ræðir greiða einungis 116 einhvern fjármagnstekjuskatt.

2. Á árinu 2006 var fjöldi hjóna sem ekki var með neinar aðrar tekjur en fjármagnstekjur alls 150. Þar af voru 85 hjón, eða 57 %, með minna en 100 þúsund krónur á árinu í fjármagnstekjur og 92 hjón, eða 61 %, með minna en eina milljón króna í fjármagnstekjur. Einungis 51 hjón úr þessum hópi greiða einhvern fjármagnstekjuskatt.

• Útsvarstekjur sveitarfélaganna aukast

Í vefriti fjármálaráðuneytisins 9. ágúst kemur fram að sveitarfélög hafi um 75% skatttekna sinna af útsvari sem er fast hlutfall af öllum útsvarsstofni. Frá árinu 2001 til 2006 uxu álagðar útsvarstekjur um 5.5%. Fjölgun þeirra sem greiddu útsvar á þessu tímabili nam 12.6%. Útsvar á hvern gjaldanda hafði þannig vaxið um 40.7% á þessum fimm árum. Verðlag í landinu hækkaði um 22.7% á tímabilinu og því var vöxtur hins álagða útsvars 14.7% að raungildi á hvern gjaldanda en 29% í heild.

• Af vettvangi tvísköttunarmála

Í vefriti fjármálaráðuneytisins 23. ágúst kemur fram að ýmislegt er á döfinni á sviði samningagerðar um tvísköttunarmál.

Upplýsingaskiptasamningar við skattavinjar

Fundur var haldinn í vinnuhópi á vegum norræna ráðherraráðsins, en hópurinn hefur það hlutverk að gera upplýsingaskiptasamninga á sviði skatta við ýmsar þekktar skattavinjar þ.á.m. Ermasundseyjarnar Guernsey, Jersey og Mön.

Um er að ræða samnorrænt verkefni með það að markmiði að samhæfa og styrkja viðleitni Norðurlandanna í baráttunni gegn alþjóðlegum skattaflóttu. Formlegar viðræður eru þegar hafnar við Mön og Jersey og sömuleiðis skattavinjarnar Arúba og Hollensku Antillaeyjar.

Jafnvel er búist við undirritun upplýsingaskiptasamninga milli eyjunnar Manar og Norðurlandanna á fundi fjármálaráðherra Norðurlanda í lok október nk.

Rétt er að geta þess að hvert Norðurlandanna gerir sjálfstæðan tvíhliða upplýsingaskiptasamning við eyjuna Mön, þó svo að samningarnir séu samhljóða að efnisinnihaldi.

Norræni tvísköttunarsamningurinn – endurskoðun á 18. gr. um skattlagningu eftirlauna

Nýafstaðinn er fundur um norræna tvísköttunarsamninginn sem er frá árinu 1996. Fyrir fundinum lágu ýmsar tillögur varðandi breytingar á einstökum ákvæðum samningsins í formi bókunar við hann. Meginbreytingin skv. þessum tillögum varðar 18. gr. samningsins sem fjallar um skattlagningu eftirlauna. Samkvæmt gildandi samningi er skattlagning eftirlauna alfarið í höndum greiðsluríkis þeirra, en í tillögunni sem fyrir liggur er gert ráð að skipta megi skattlagningarréttinum milli greiðsluríkis eftirlaunanna og búseturíkis eftirlaunaþegans. Þess má geta að meginregla þessa ákvæðis í samningsfyrirmynd OECD er að búseturíki eftirlaunaþegans eigi alfarið skattlagningarréttinn, en þróunin í aðildarríkjum OECD hefur hins vegar verið sú að fara þá leið sem nú er lögð til gagnvart norræna tvísköttunarsamningnum. Stefnt er að undirritun umræddrar bókunar á áðurnefndum fundi fjármálaráðherra Norðurlanda í lok október.

Slóvenía – samningaviðræður.

Framundan eru áframhaldandi samningaviðræður við Slóveníu, en þær viðræður hófust á árinu 2004.

Vonast er til að þeirri samningagerð ljúki á næsta fundi sem haldinn verður í Reykjavík í fyrstu viku september.

Búlgarí - samningaviðræður

Í annarri viku september hefjast formlegar samningaviðræður við Búlgaríu um gerð tvísköttunarsamnings milli landanna.

Bandaríkin

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að íslenskri þýðingu á endurskoðuðum tvísköttunarsamningi Íslands við Bandaríkin.

Fróðleiksmolar

- Nú er hægt að sækja um skattkort með rafrænum hætti á **www.skattur.is** og fá það sent.

- Á **www.NordiskEtax.net** má finna samnorrænan skattavef þar sem unnt er að nálgast nauðsynlegar upplýsingar varðandi skattlagningu einstaklinga á Norðurlöndunum.

Skatta- og lögfræðisvið PricewaterhouseCoopers hf.

Við hjá skatta- og lögfræðisviði bjóðum upp á margs konar þjónustu, þar með talið ráðgjöf varðandi:

- Skattlagningu rekstraraðila
- Skattlagningu einstaklinga
- Virðisaukaskatt
- Milliverðlagningu (“Transfer pricing”)
- Félagarétt
- Alþjóðaskattarétt

Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina þá er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

Ásta Kristjánsdóttir
550-5352
asta.kristjansdottir@is.pwc.com

Elín Árnadóttir
550-5322
elin.arnadottir@is.pwc.com

Elísabet Guðbjörnsdóttir
550-5344
elisabet.gudbjornsdottir@is.pwc.com

Jóhanna Á. Jónsdóttir
550-5356
Johanna.a.jonsdottir@is.pwc.com

Valdimar Guðnason
550-5326
valdimar.gudnason@is.pwc.com

Ólafur K. Eyjólfsson
550-5346
olafur.k.eyjolfsson@is.pwc.com